

Mánudaginn 14. febrúar 1983.

Nr. 66/1980. **Tryggingastofnun ríkisins**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

Guðnýju Valtýsdóttur

(Baldur Guðlaugsson hdl.).

Mæðralaun. Endurgreiðslukrafa. Óvígð sambúð. Fjárnámssgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlensdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1980. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að sýknukrafa hans fyrir héraðsdómi verði að fullu tekin til greina. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að honum verði einungis gert að greiða kr. 2.746.00 og vextir verði dæmdir, eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, með þeirri breytingu, að upphaf vaxtatöku miðist við 1. desember 1978, en ekki 1. nóvember 1978. Í varakröfu er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður. Til þrautavara er þess krafist, að upphafstími vaxta verði miðaður við 1. desember 1978 af öllum kröfum stefndu. Enn fremur krefst áfrýjandi þess, að fjárnám, sem gert var hinn 10. apríl 1980 í húseign hans að Laugavegi 114, Reykjavík, verði úr gildi fellt, en til vara, að fjárnámssgerðinni verði breytt í samræmi við málsúrslit, verði sýknukrafan ekki tekin til greina.

Stefnda krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámssgerð verði staðfest, þó þannig, að dómvextir þeir, sem dæmdir voru frá 28. júní 1979, skuli vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þ. e. 34.5% ársvextir frá 28. júní 1979 til 1. september 1979, 39.5% ársvextir frá 1. september 1979 til 1. desember 1979, 43.5% ársvextir frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá 1. júní 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá 1. mars 1981 til 1. júní 1981, 39% ársvextir frá 1. júní 1981 til 1. nóvember 1982, 47% ársvextir frá 1. nóvember 1982 til dómsuppkvaðningardags í máli

þessu og hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst stefnda, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni kr. 2.745.60 með 19% ársvöxtum af kr. 490.74 frá 1. nóvember 1978 til 1. desember 1978, af kr. 1.011.52 frá 1. desember 1978 til 1. janúar 1979, af kr. 1.532.30 frá 1. janúar 1979 til 1. febrúar 1979, af kr. 2.053.08 frá 1. febrúar 1979 til 1. mars 1979, af kr. 2.609.80 frá 1. mars 1979 til 1. apríl 1979, af kr. 2.745.60 frá 1. apríl 1979 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 28. júní 1979, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá 28. júní 1979 til greiðsludags, þ. e. vöxtum jafnháum hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, og fjárnámssgerðin verði staðfest að því er varðar þá fjárhæð auk þess sem hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar málskostnað. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Skýra ber ákvæði 15. og 52. gr. laga nr. 67/1971 svo, að stefndu hafi borið mæðralaun, uns hún og sambúðarmaður hennar öðluðust sama rétt og hjón samkvæmt lögum þessum. Eftir afdráttarlausu orðalagi 52. gr. fær sambúðarfólk eigi slíkan rétt á grundvelli sambúðarinnar einnar sér, fyrr en hún hefur varað tvö ár samfleytt. Er í máli þessu ósannað, að síðastgreindu skilyrði hafi verið fullnægt fyrir 1. júní 1979.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en vexti, en upphafstíma vaxta skal miða við 1. desember 1978, sbr. 57. gr. laga nr. 67/1971. Taka ber til greina kröfu stefndu um dómvexti jafnháa hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms. Hina áfrýjuðu fjárnámssgerð ber að staðfesta að öðru en því, er segir um upphafstíma vaxta.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að vextir ákveðast 19% ársvextir af kr. 719.08 frá 1. desember

1978 til 1. janúar 1979, af kr. 1.482.17 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 2.245.26 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 3.008.35 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 4.218.95 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 4.477.98 frá þeim degi til 1. júní s. á., og af kr. 4.766.54 ákveðast 22% ársvextir frá þeim degi til 28. s. m., 27.5% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 32.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 36.5% ársvextir frá þeim degi til 1. febrúar 1980, 43.5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s. á., 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest að öðru en því, er að framan greinir um upphafstíma vaxta.

Áfrýjandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefndu, Guðnýju Valtýsdóttur, 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. febrúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, hefur Guðný Valtýsdóttir, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 22. júní 1979, á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Gerir stefnandi þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér vangreidd mæðralaun og barnalífeyri með tveim börnum frá 1. nóvember 1978 til 1. júní 1979 að upphæð kr. 476.654 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 71.908 frá 1. nóvember 1978 til 1. desember 1978, en af kr 148.217 frá þeim degi til 1. janúar 1979, en af kr. 224.526 frá þeim degi til 1. febrúar 1979, en af kr. 300.835 frá þeim degi til 1. mars 1979, en af kr. 421.895 frá þeim degi til 1. apríl 1979, en af kr. 447.798 frá þeim degi til 1. maí 1979, en af kr. 476.654 frá þeim degi til 1. júní 1979, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, nú 4% fyrir hvern byrjaðan mánuð, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi máls-

kostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans, þó ekki lægri en samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Hinn 10. apríl 1979 veitti dómsmálaráðherra stefnanda gjafsókn í málinu.

Til vara krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 274.600 vegna vangreidds barnalífeyris frá og með 1. nóvember 1978 til 1. apríl 1979, með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 49.074 frá 1. nóvember 1978 til 1. desember 1978, en af kr. 101.152 frá þeim degi til 1. janúar 1979, en af kr. 153.230 frá þeim degi til 1. febrúar 1979, en af kr. 205.308 frá þeim degi til 1. mars 1979, en af kr. 260.980 frá þeim degi til 1. apríl 1979, en af kr. 274.600 frá þeim degi til 1. júní 1979, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, nú 4% fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð, frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á vaxtakröfu í aðalkröfu og varakröfu stefnanda, að frá 28. júní 1979 er krafist dómvaxta til greiðsludags.

Stefnandi hefur stefnt heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til réttargæslu í málinu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og krefst ásamt réttargæslustefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að eiginmaður stefnanda hafi andast 25. febrúar 1975. Þau hjónin hafi átt tvö börn, fædd 9. desember 1965 og 2. apríl 1971, og hafi þau dvalist hjá móður sinni. Í marsmánuði 1977 hafi stefnanda boðist húseignin að Heiðvangi 5 í Hafnarfirði til kaups með hagstæðum kjörum. Stefnandi hafi látið íbúð sína að Hjallabraut 13 ganga upp í kaupverð íbúðarinnar, en þar sem stefnanda hafi skort fé til greiðslu kaupverðsins, hafi orðið að samkomulagi með henni og Poul R. Smith, að hann keypti húsið með henni, og sé húseignin sameign þeirra. Stefnandi hafi svo flutt í húsið 1. ágúst 1977 ásamt börnum sínum. Sama dag hafi Poul R. Smith flutt í húsið og hafi þau búið þar frá þeim tíma. Stefnandi hafi frá láti eiginmanns síns fengið greiddar lögboðnar bætur samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar, þ. e. mæðralaun og barnalífeyri. Í nóvembermánuði 1978 hafi starfsmaður bæjarfógetans í Hafnarfirði, sem sé umboðsmaður Tryggingastofnunar ríkisins í Hafnarfirði, tilkynnt stefnanda simleiðis, að greiðslur mæðralauna hefðu verið felldar niður frá og með 1. ágúst 1977 og að haldið yrði eftir barnalífeyri til hennar að fjárhæð kr. 297.430, sem væri fjárhæð ofgreiddra mæðralauna til hennar á tímabilinu 1. ágúst 1977 til 31. október 1978. Þessri ákvörðun hafi stefnandi ekki viljað una og hafi henni verið mótmælt. Umboð Tryggingastofnunar ríkisins í Hafnarfirði hafi svo haldið eftir barnalífeyri til

stefnanda frá 1. nóvember 1978 til aprílmánaðar 1979, samtals kr. 274.600, og hafi mæðralaun verið felld niður frá og með 1. ágúst 1977. Þar sem leiðrétting hafi ekki fengist á þessu, hafi stefnandi höfðað mál þetta.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt frá því, að í sambandi við kaup hússins að Heiðvangi 5 hafi hún og Poul R. Smith gert með sér skriflegt samkomulag um, að þau eigi húsið að hálfu hvort. Poul hafi áður átt íbúð, sem hann hafi selt í sambandi við þessi húskaup þeirra. Hann hafi orðið fyrri til að selja íbúð sína en hún að selja íbúð þá, sem hún átti. Hafi hann um tíma búið hjá henni, áður en þau fluttu að Heiðvangi 5. Í því húsi, sem sé einbýlishús, hafi þau sameiginlegt húsnæði. Þau annist saman heimilishald og kaupi sameiginlega til heimilisins. Þau komi sameiginlega fram gagnvart ættingjum og vinum. Þau stundi hvort sína atvinnu og telji fram til skatts hvort fyrir sig. Stefnandi kveðst hafa fengið leiðbeiningabækling frá Tryggingastofnun ríkisins, en þar hafi hún ekki fundið neitt um það, hvort samband hennar og Poul R. Smith mundi hafa áhrif á greiðslur til hennar frá stofnuninni. Stefnandi kveðst einnig fá greiddar makabætur frá lifeyrissjóði og hafi komið fram, að þær bætur falli niður, ef hún gangi í hjónaband. Hafi hún talið eðlilegt, að sama gildi um greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Sigurður Emilsson, starfsmaður við umboð almannatrygginga í Hafnarfirði, kveðst við afgreiðslu mála hafa miðað við það, hvort maður og kona búi saman, þau blandi saman fjárhag sínum og öðrum málum og maðurinn sé fyrirvinna heimilisins. Þegar svo sé, sé um óvígða sambúð að ræða. Hafi verið talið, að stefnandi og Poul R. Smith hefðu blandð saman fjárhag sínum og því ættu greiðslur mæðralauna til stefnanda að falla niður. Í viðtali við stefnanda hafi hún sagt þau Poul búa saman og að þau hefðu keypt saman einbýlishús. Hafi hún sjálf gefið honum upp tímamörk þau, sem hann hafi talið, að miða ætti stofnun sambúðar við. Hafi hann sagt stefnanda, að greiðslur mæðralauna yrðu felldar niður og ofgreiddum mæðralaunum skuldajafnað við barnalífeyri, sem hún ætti að fá.

Aðalkrafa stefnanda er byggð á því, að samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 skuli greiða barnalífeyri með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra sé látið. Sé barnalífeyririnn fyrst og fremst ætlaður til framfærslu barnanna. Stefnandi og eiginmaður hennar, sem andast hafi 25. febrúar 1975, hafi átt tvö börn, sem bæði séu innan 17 ára aldurs. Eigi stefnandi því rétt til barnalífeyris með börnunum úr hendi stefnda. Samkvæmt 15. gr. greindra laga skuli greiða ekkjum, ógiftum konum og fráskildum konum, sem hafa börn sín undir 16 ára aldri á framfæri sínu og eigi lögheimili hér á landi. Virðist því um að ræða ótví-
ræða skyldu til að greiða stefnanda mæðralaun, því hún sé ekkja og uppfylli að öðru leyti skilyrði til að hljóta mæðralaun samkvæmt lagagreininni.

Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að í lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 séu engin ákvæði, sem skapi ótvíræðan grundvöll til að svipta stefnanda mæðralaunum, enda eigi ákvæði 52. gr. laganna ekki við í þessu tilviki. Sambýli stefnanda og Poul R. Smith sé ekki þannig, að það firri stefnanda rétti til að fá greidd mæðralaun. Stefnandi vinni úti og sjái sér og börnum sínum farborða. Þótt um sambýli hennar og Poul R. sé að ræða og þau eigi saman húsið að Heiðvangi 5, þá leggi hann ekki meira til sambýlisins en eðlilegt sé til eigin framfærslu og sameiginlegs húshalds. Sé og á það að líta, að á Poul hvíli verulegar skuldir, en stefnandi sé skuldlaus. Poul R. Smith framfæri því ekki stefnanda eða börn hennar. Er því haldið fram, að lög um almannatryggingar þurfi að hafa að geyma ótvíræðari ákvæði um brottfall bótagreiðslna, til þess að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt að fella niður greiðslur mæðralauna til stefnanda. Í leiðbeininga-bæklingum, sem stofnunin hafi gefið út á þeim tíma, er hér skiptir máli, hafi ekki komið fram, að greiðslur mæðralauna féllu niður, þótt bótaþegi tæki upp sambúð. Því hafi stefnandi verið í góðri trú um rétt sinn til mæðralaun, er hún tók við greiðslum eftir 1. ágúst 1977. Þá er því og haldið fram, að ákvörðun tryggingaráðs um að fella niður greiðslur mæðralauna til stefnanda og skuldajafna því, sem talið var ofgreitt, við greiðslur barnalífeyris feli í sér íþyngjandi stjórnvaldsráðstöfun, en ákvörðunin hafi ekki verið nægilega rökstudd, svo sem vera beri um slíkar stjórnvaldsráðstafanir, og varði það því ógildi ráðstöfunarinnar. Einnig sé á það að líta, að lög um almannatryggingar veiti ekki heimild til skuldajafnaðar, svo sem beitt var gagnvart stefnanda, er fjárhæðum þeim, sem voru taldar ofgreidd mæðralaun, var skuldajafnað við greiðslur barnalífeyris, sem stefnandi átti rétt á. Barnalífeyrir sé ætlaður til framfærslu barnanna, en mæðralaunum sé ætlað að bæta tekjutap móður við að halda heimili fyrir börn sín. Sé því ekki slíkt samband milli greiðslna þessara, að heimilt sé að beita skulda-jöfnuði skv. 58. gr. laga um almannatryggingar.

Varakrafa stefnanda er miðuð við það, að fallist dómariinn ekki á, að stefnandi eigi rétt til mæðralauna, þá lækki aðalkrafan um sem nemur fjárhæð mæðralauna fyrir tímabilið 1. ágúst 1977 til 31. október 1978. Að öðru leyti er vísað til rökstuðnings með aðalkröfu.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að 1. ágúst 1977 hafi stefnandi tekið upp óvígða sambúð við Poul R. Smith, er þau fluttu í húsið nr. 5 við Heiðvang í Hafnarfirði. Stefnandi hafi á þeim tíma fengið greidd mæðralaun og barnalífeyri með börnum sínum frá stefnda. Er umboðsmaður stefnda í Hafnarfirði hafi fengið vitneskju um sambúðina, hafi hann felld niður greiðslur mæðralauna, enda hafi hann talið, að stefnandi fullnægði ekki skilyrðum til að hljóta greiðslur þessar samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar. Hafi umboðsmaðurinn ákveðið að láta stefnanda end-

urgreiða ofgreidd mæðralaun frá 1. ágúst 1977 með því að fella niður greiðslur barnalífeyris til stefnanda, þar til endurgreiðslu væri lokið. Er stefnandi hafi ekki viljað una þessu, hafi umboðsmaðurinn í Hafnarfirði skotið málinu til tryggingaráðs skv. 6. gr. laga um almannatryggingar. Á fundi sínum 24. janúar 1979 hafi tryggingaráð staðfest þessa ákvörðun umboðsmannsins. Er því haldið fram, að ómótmælt sé, enda viðurkennt, að stefnandi hafi tekið upp sambúð við Poul R. Smith, svo sem haldið sé fram af hálfu stefnda. Við það hafi fallið niður réttur til mæðralauna. Ákvæði 15. gr. laga nr. 67/1971 beri tvímælalaust að skýra svo, að þeir, sem rétt eiga til mæðralauna og feðralauna, séu einstaklingar með börn á framfæri, þ. e. ekkjur, ógiftar mæður, fráskildar konur, einstæðir feður og einstætt fósturforeldri. Þannig hafi lagagreinin ávallt verið skýrð og henni beitt við bótageiðslur almannatrygginga hér á landi. Samkvæmt gagnályktun eigi ákvæði greinarinnar ekki við um aðilja, sem gengið hafa í hjónaband að nýju eða tekið upp óvígða sambúð, enda sé stöðu karls og konu í óvígðri sambúð jafnað til stöðu hjóna. Af þessum sökum hafi mæðra- og feðralaun ávallt verið felld niður, þegar bótaþegar hafi tekið upp óvígða sambúð eða gengið í hjónaband. Eigi þessi afstaða sér einnig stöð í ákvæði 52. gr. laga um almannatryggingar. Hafi stefnanda mátt vera ljós þessi afstaða stefnda, því að í bæklingum, sem stofnunin gefi út og dreifi, komi fram, að greiðslur mæðralauna falli niður, er stofnað sé til óvígðrar sambúðar. Hafi stefnandi því mátt gera sér grein fyrir því, að er hún tók upp óvígða sambúð við Poul R. Smith, mundu greiðslur mæðralauna til hennar falla niður. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að í 58. gr. laga um almannatryggingar séu ótvíræð ákvæði um, hvernig taka skuli á þeim vanda, er bótaþegi hefur fengið greiddar hærri bætur en honum bar. Sé það í samræmi við ákvæði þetta að draga ofgreidd mæðralaun til stefnanda frá greiðslum barnalífeyris til hennar.

Í aðalkröfu stefnanda felst krafa um viðurkenningu á því, að hún eigi rétt til mæðralauna, eins og persónulegum högum hennar er nú háttað og ágreiningslaust er, að verið hafi frá 1. ágúst 1977.

Stefnandi varð ekkja við lát eiginmanns síns 25. febrúar 1975 og öðlaðist þá rétt til mæðralauna skv. 15. gr. laga nr. 67/1971 og til barnalífeyris skv. 14. gr. sömu laga. Þótt fjallað sé um sambúð eða óvígða sambúð í nokkrum lagaákvæðum og aðiljum sambúðar skapaður réttur að lögum í vissum tilvikum, þá þykir slíku sambyli ekki almennt hafa verið veitt það gildi að lögum, að unnt sé að telja sambúð stefnanda og Poul R. Smith raski stöðu stefnanda til að hljóta mæðralaun frá Tryggingastofnun ríkisins, sem hún hafði ótvírætt öðlast rétt til. Er á það að líta, að sambúð hefur ekki í för með sér framfærsluskyldu. Ekki þykir tilvisun stefnda til ákvæða 52. gr. laga um almannatrygginga breyta hér neinu um. Þykir ákvæði þetta ekki

svipta stefnanda þeim rétti, sem hún hefur ótvírætt öðlast, enda hefur hún ekki enn byggt rétt á því. En auk þess er á það að líta, að er greiðslur mæðralauna til stefnanda voru felldar niður frá og með nóvembermánuði 1978 og ofgreiddum mæðralaunum skuldajafnað við greiðslur barnalífeyris til hennar á tímabilinu nóvember 1978 til 1. apríl 1979, höfðu stefnandi og Poul R. Smith ekki öðlast rétt samkvæmt ákvæðum 52. gr. greindra laga, þar sem ekki voru komin fram skilyrði þau, sem þar eru sett.

Samkvæmt því, sem hér er rakið, var ekki réttmætur grundvöllur fyrir þeirri ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins, sem staðfest var af tryggingaráði, að svipta stefnanda mæðralaunum, sem hún hafði öðlast rétt til. Verður Tryggingastofnun ríkisins gert að greiða stefnanda þær fjárhæðir, sem hún hefur misst af þessum sökum. Ekki hefur það sætt sérstökum andmælum, að fjárhæðir þessar nemi höfuðstól aðalkröfu stefnanda, og verður sú fjárhæð því lögð til grundvallar í málinu.

Verður Tryggingastofnun ríkisins því dæmd til að greiða stefnanda kr. 476.654, en samkvæmt dómvenju verða vextir dæmdir sem hér segir: 19% ársvextir af kr. 71.908 frá 1. nóvember 1978 til 1. desember s. á., af kr. 148.207 frá þeim degi til 1. janúar 1979, af kr. 224.526 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 300.835 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 421.895 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 447.798 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 476.654 frá þeim degi til 1. júní s. á., 22% ársvextir frá þeim degi til 28. júní s. á., en frá þeim tíma dómvextir skv. lögum nr. 56/1979, sem með hliðsjón af tilgangi laganna teljast vera innlánsvextir af þriggja mánaða vaxtaaukareikningum, þ. e. 27.5% ársvextir til 1. september 1979, 32.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember, 36.5% ársvextir frá þeim degi til uppkvaðningardags dóms í máli þessu, 1. febrúar 1980, en dómvextir, þ. e. innlánsvextir af þriggja mánaða vaxtaaukareikningum, eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands, frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 190.000, er renni í ríkissjóð. Kostnaður stefnanda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 180.000.

Málskostnaður milli stefnanda og réttargæslustefnda fellur niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnanda, Guðnýju Valtýsdóttur, kr. 476.654 með 19% ársvöxtum af kr. 71.908 frá 1. nóvem-

ber 1978 til 1. desember s. á., af kr. 148.217 frá þeim degi til 1. janúar 1979, af kr. 224.526 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 300.835 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 421.895 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 447.798 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 476.654 frá þeim degi til 1. júní s. á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 28. s. m., með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 32.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 36.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði kr. 190.000 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 180.000.

Málskostnaður milli stefnanda og réttargæslustefnda fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja inna 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 10. apríl 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 10. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Tryggingastofnun ríkisins og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A 700/1980: Guðný Valtýsdóttir gegn Tryggingastofnun ríkisins og heilbrigðisráðherra.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1886/1979.

Nr. 1 og 2.

Fylgir með í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 476.654 með 19% ársvöxtum af kr. 71.908 frá 1. nóvember 1978 til 1. desember s. á., af kr. 148.217 frá þ. d. til 1. janúar 1979 af kr. 224.526 frá þ. d. til 1. febrúar s. á., af kr. 300.835 frá þ. d. til 1. mars s. á., af kr. 421.895 frá þ. d. til 1. apríl s. á., af kr. 447.798 frá þ. d. til 1. maí s. á., af kr. 476.654 frá þ. d. til 1. júní s. á., með 22% ársvöxtum frá þ. d. til 28. júní s. á., með 27.5% ársvöxtum frá þ. d. til 1. september s. á., með 32.5% ársvöxtum frá þ. d. til 1. desember s. á., með 36.5% ársvöxtum frá þ. d. til 1. febrúar 1980, en með dómvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, kr. 4.950 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 190.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 11.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og fyrir hann mætir Eggert G. Þorsteinsson, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógæti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola Laugavegi 114. Fallið var frá virðingu.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 14. febrúar 1983.

Nr.123/1982.

**Sigurður Stefánsson og
Stefán Einar Stefánsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Sigríði Sigurðardóttur og

(Guðmundur Pétursson hrl.)

**Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík f. h.
dánarbús Stefáns Stefánssonar
(enginn).**

Skipti. Dánarbú. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1982 og gera þær dómkröfur, að íbúð að Kaplaskjólsvégi 53, 4. hæð t. h., Reykjavík, verði talin eign dánar- og félagsbús Stefáns Stefánssonar og Sigríðar Sigurðardóttur. Jafnframt krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefndu Sigríðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda Sigríður krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.